

Bekkjarnámskrá 7.-8. bekkur 2024-2025

Íslenska

Íslenska er kennd í einni lotu á haustönn og einni lotu á vorönn, fjórar vikur í senn. Íslenska er samþætt við samfélagsfræði og leiklist. Æfingatímar í íslensku eru einu sinni í viku allt skólaárið.

Haustönn

| | |
|--|---|
| <p>Tímabil 25.11-20.12</p> <p>Málfræði Réttritun Handskrift Bókmenntir Ljóð Réttritun Framsögn Skapandi skrif</p> | <p>Málfræði</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið með orðflokka, orðflokkgreiningu í texta, stofn orða, kyn, tölu, tíð, föll og nafnhátt. <p>Réttritun</p> <ul style="list-style-type: none"> • réttitun þjálfuð, • ritun verður æfð með því að nemendur skrifi eigin texta, endursagnir eða frásagnir. <p>Bókmenntir</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekin verður fyrir skáldsagan Benjamín dúfa sem er lesin heima og unninn útdráttur úr hverjum kafla. Umræður um söguna fjalla að miklu leyti um heimspeki og siðfræði, • valin ljóð lesin og æfð með upplestri. |
|--|---|

Vorönn

| | |
|--|--|
| <p>Tímabil 03.02-07.03</p> <p>Málfræði Réttritun Handskrift Bókmenntir Ljóð Réttritun Framsögn Skapandi skrif</p> | <p>Málfræði</p> <ul style="list-style-type: none"> • áfram er unnið með orðflokka en nú á meira skilgreinandi hátt, orðflokkgreiningu í texta, stofn orða, kyn, tölu, tíð, föll og nafnhátt, • uppbyggingu texta, setningar, málsgreinar og efnisgreinar • málshættir og orðtök <p>Réttritun</p> <ul style="list-style-type: none"> • réttitun þjálfuð • ritun verður æfð með því að nemendur æfi skrif á eigin texta • framsögn æfð • heimildaöflun og vísun í heimildir <p>Bókmenntir</p> <ul style="list-style-type: none"> • íslenskar bókmenntir, lestur heima og unnið með texta í tímum. |
|--|--|

Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í tveim lotum, önnur á haustönn, hin á vorönn, fjórar vikur í senn. Auk þess er vikulegur dæmatími fastur liður allt skólaárið.

| | |
|---|--|
| <p>Haustönn Tímabil 16.09 -18.10</p> <p>Reikningur Brot Tugabrot Rúmfræði</p> | <p>Nemendur vinna með almennar reikniaðgerðir samlagning, frádrátt, margföldun og deilingu.</p> <p>Nemendur reikna og vinna með:</p> <ul style="list-style-type: none"> • almenn brot, • tugabrot, • hlutföll, • prósentur, • talnaþrautir og gátur, • einfaldur bókstafareikningur, • hringfara og reglustiku við gerð rúmfræðiforma. <p>Nemendur fást við viðfangsefnin hverju sinni bæði með því að leysa verkefni í vinnubókum sem og með verklegum viðfangsefnum.</p> |
|---|--|

Vorönn

| | |
|------------------------|--|
| Reikningur Rúmfræði | Nemendur vinna nánar með rúmfræði eftir að hafa unnið með hringfara og önnur verkfæri um haustið. |
| Tímabil 10.03-11.04 | Rúmfræði <ul style="list-style-type: none">• hlutbundin líkanasmíð með og án hringfara,• teikna skýringarmyndir,• teikna þrívíddarmyndir,• speglun, snúning og hliðrun,• flatarmál, ummál ferninga, rétthyrninga og hrings,• gullinsnið og Fibonacci runur,• hornafræði,• pýþagórasarreglan. |

Erlend tungumál

Enska

Enska er kennd í æfingátímum einu sinni í viku allt skólaárið.

| | |
|--|--|
| Tímabil Enska er kennd einu sinni í viku allt skólaárið | Samskipti og frásögn <ul style="list-style-type: none">• kennari les upp með nemendun sögur eða greinar um ákveðið efni og gefur nemendum tækifæri að ræða innihaldið í hópum og við kennara,• nemendur æfa sig að bera fram orð sem reynast Íslendingum erfið eins og t.d. w og v og fleira,• nemendur kynna bækur, smásögur og greinar sem þeir hafa lesið,• nemendur skrifa stuttar sögur og umsagnir,• nemendur læra að takast á við ólíkar aðstæður sem gera kröfur um almenn samskipti,• nemendur læra að færa rök fyrir máli sínu, taka tillit til annarra sjónarmiða og taka þátt í skoðanaskiptum,• nemendur leika í leikritum á ensku,• nemendur endursegja sögur og skrifa eigin sögur. Lesskilningur <ul style="list-style-type: none">• nemendur lesa smásögur, ljóð og aðra texta til að auka orðaforða sinn,• nemendur lesa bækur heima og skrifa umsagnir um þær,• nemendur læra að lesa sér til gagns og fróðleiks rauntexa og smásögur sem eru ætlaðar ungu fólki og læra að afla sér upplýsinga úr þeim og mynda sér skoðanir um ofangreinda texta, Hlustun <ul style="list-style-type: none">• nemendur hlusta á ákveðið efni sem kemur fram í hlaðvörpum, stuttar sögur og greinar,• markmiðið er að nemendur geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og tileinkað sér aðalatriði í frásögnum og umfjöllunum í fjöl- og myndmiðlum sem tengjast efni innan áhugasviðs og námssviðs þeirra. Ritun <ul style="list-style-type: none">• uppsetning og gerð ritgerða,• stafsetning,• nemendur skrifa stuttar sögur þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín,• nemendur skrifa texta til að tjá skoðanir sínar á því sem þeir hafa lesið eða kynnt sér,• nemendur læra að skrifa texta á stuttum tíma um efni sem fangar þá og vekur áhuga þeirra. Menningarläsi <ul style="list-style-type: none">• nemendur lesa sér til um menningu enskumælandi landa og kynna sér mun á mállýskum,• nemendur læra mun á helstu orðum eins og t.d. lift/elevator, plaster/band-aid, highway/motorway og svo framvegis,• nemendur bera saman eigin menningu og menningu markmálsins,• nemendur hlusta á mismunandi mállýskur til að gera greinarmun á þeim. Námshæfni <ul style="list-style-type: none">• nemendum eru kenndar aðferðir til að tjá sig á áhrifaríkaríkan hátt eins og t.d. að umorða,• nemendur kennt að beita sjálfsmati og jafningjamati,• nemendur læra að nota helstu hjálpargögn eins og t.d. orðabækur, leitarvél o.fl.,• nemendur læra að rýna í heimildir. |
|--|--|

Danska

Danska er kennd í æfingatímum einu sinni í viku allt skólaárið.

| | |
|---|---|
| Tímabil Danska er kennd einu sinni í viku allt skólaárið | Samskipti og frásögn <ul style="list-style-type: none">kennari les upp með nemendum stutta texta, ljóð og sögur um ákveðið efni og gefur nemendum tækifæri að ræða innihaldið í hópum og við kennara,nemendur leysa tjáskiptaverkefni í sameiningu,nemendur æfa sig í dönskum framburði,nemendur æfa sig að nota dönsku í ólíkum aðstæðum,nemendur læra að takast á við ólíkar aðstæður sem gera kröfur um almenn samskipti. Framburður <ul style="list-style-type: none">nemendur læra allar helstu framburðarreglur í dönsku. Málfræði <ul style="list-style-type: none">beyging sagna í nútíð og þátíð,óákveðinn greinir,persónufornöfn. Lesskilningur <ul style="list-style-type: none">nemendur lesa nokkur ljóð, stutta texta og sögur,nemendur lesa stuttar sögur til að auka orðaforða sinn,nemendur lesa stutta texta og leysa verkefni í tengslum við þá,nemendur læra að lesa sér til gagns og fróðleiks stutta texta og læra að afla sér upplýsinga úr þeim. Hlustun <ul style="list-style-type: none">nemendur hlusta á stutta texta,markmiðið er að nemendur læri að tengja saman hið ritaða og talaða orð og byrji að gera sér grein fyrir framburðareinkennum danskrar tungu. Ritun <ul style="list-style-type: none">nemendur skrifa stutta texta og ljóð,nemendur þýða stutta texta á og af dönsku. Menningarläsi <ul style="list-style-type: none">nemendur lesa sér til um menningu Danmerkur og læra um önnur norðurlandamál. Námshæfni <ul style="list-style-type: none">nemendum eru kenndar aðferðir til að tjá sig á áhrifaríkaríkan hátt eins og t.d. að umorða,nemendur kennt að beita sjálfsmati og jafningjamati,nemendur læra að nota helstu hjálpargögn eins og t.d. orðabækur, leitarvélur o.fl. |
|---|---|

List- og verkgreinar

Handavinna

| | |
|--------------------------------------|--|
| Tímabil 16.09-20.12 | Nemendum er skipt niður í tvo hópa, annar í handavinnu en hinn í smíði. Nemendur í 7. bekk handsauma strengjabrúður. Unnið er að uppsetningu á leikriti sem nemendur handsauma strengjabrúður fyrir. Efnið í brúðunum er náttúrulegt, silki, ull og bómull. Hér reynir á fagurfræði, fínhyfingar, samvinnu og úthald. |
| Tímabil 19.05-06.06 | Nemendur í 8. bekk handsauma árstíðabundin verkefni. Hér reynir á fagurfræði, fínhyfingu, nákvæmni og úthald. |

Smíði

| | |
|---|---|
| 7. bekkur Tímabil 25.11-20.12 12.05-6.6 | Nemendur eru bekkjarskiptir, annar í smíði en hinn í handavinnu. Viðfangsefni smíðalotunnar er að hola út úr tré. <ul style="list-style-type: none">• nemendur hola út úr tré - konkavitet með sporjárni,• nemendur vinna skálar í mismunandi viðartegundir, |
| 8. bekkur Tímabil 16.09-22.11 | <ul style="list-style-type: none">• nemendur kynnst hörðum við,• nemendur kynnst mjúkum við,• nemendur læra að vinna með vexti viðarins. |
| Eldsmíði Tímabil 22.08.-13.09 | Nemendur kynnst járni í sínu lifandi formi. Eldur vekur járn til lífsins og gefur okkur tækifæri til að móta það. Nemendur smíða snaga. |

Tónlist

| | |
|--------------------------------------|---|
| Tímabil 03.02-07.03 | <ul style="list-style-type: none">• nemendur syngja einraddað og margraddað með áherslu á ítónun, hljóð og tjáningu,• nemendur flytja lög og vísur frá eldri tíð og nútímanum,• nemendur læra nótnakerfið í g-lykli,• nemendur kynnst f-lykli,• nemendur kynnst grunnatriði tónlistar s.s. takt, hrynjanda, dúr og moll,• nemendur læra að þekkja tónbil, fjórund, fimmund og áttund,• nemendur kynnst ýmsum hljóðfærum og æfa sig á nokkur þeirra,• umræður um laglínur, hljóm, hrynjanda, hraða og form tónlistar. |
| 12.05.-06.06 | Á vorönn er tónlist hluti af leikriti. |

Hrynlist

| | |
|--------------------------------------|---|
| Tímabil 10.03-11.04 | Á skólaárinu er lögð áhersla á form í rými sem flest koma til með að byggjast á rúmfræði eins og ferhyrning, fimmstjörnu og sjöstjörnu. Nemendur vinna með samhæfingaræfingar milli hugsunar og útlíma þar sem ósjálfrátt verður til innri hrynjandi og myndræn skynjun á stærðfræðilegum hugtökum. <ul style="list-style-type: none">• nemendur taka þátt í æfingum með koparstöfum,• nemendur túlka til að mynda ballöður, grínkvæði og hin ýmsu mótsagnakenndu ljóð í hreyfingu,• nemendurnir gefst tækifæri á að koma með eigin kvæði/ljóð til vinnslu. |
|--------------------------------------|---|

Hrynlist eða eurythmi er ekki til staðar í aðalnámskrá grunnskólanna heldur er hún hluti af skólanámskrá Waldorfskólanna. Hrynlist er kennd á öllum aldursstigum og vinnur að því að taka upp efnivið fagtíma og umbreyta í hreyfingu.

Leiklist

| | |
|---|---|
| Sambætt við list- og verkgreinakenndu, mannkynssögu og sirkus. Tímabil 12.05-06.06 Leikrit | Nemendur æfa og flytja leikrit fyrir skólasamfélagið. Leikrit og handritagerð byggð á mannkynssögulotu vorannar, Landafundirnir. Nemendur setja upp sýningu fyrir skólasamfélagið. Sviðshönnun og búningagerð í samvinnu við list- og verkgreinakennara. <ul style="list-style-type: none">• handritaskrif,• persónusköpun,• radd- og líkamsbeiting,• æfingarferlar fyrir uppsetningu leikrits,• framkoma og framsögn,• búningahönnun,• sviðshönnun,• uppsetning leiksýningar. |
|---|---|

Myndlist

Myndlist er kennd einu sinni í viku allt skólaárið.

| | |
|---|--|
| Samþætt við samfélagsfræði og stærðfræði. 22.08-06.06 | Fjarviddarteikning og gullinsnið. <ul style="list-style-type: none">nemendur teikna upp hvarfpunkta og sjóndeildarlínu,nemendur teikna mannvirki eftir leiðbeiningum kennara,nemendur læra hlutföll gullinsniðs,nemendur teikna upp hlutföll gullinsniðs á myndfleti. |
|---|--|

Samfélagsfræði

| | |
|---|--|
| Mannkynssaga samþætt við íslensku Endurreisnin Tímabil 28.10-22.11 Landafundirnir Tímabil 22.04-09.05 | Endurreisnin - samfélagslegar breytingar sem leiða til endurreisnar og sögufrægir listamenn, hugsuðir og vísindamenn. Skrifað um æfi þeirra og unnið listrænt í anda Endurreisnarlistamanna. Ástæður þess að landkönnuðir fóru af stað, breytt heimsmynd og leit að nýjum verslunarleiðum til Austurlanda fjær og Asíu. <ul style="list-style-type: none">heimskringlan og heimskortin skoðuð,hvar voru helstu þéttbýliskjarnarnir,hvaða þekking þjuggu menn yfir á 15.öld,tíðarandi og heimsmynd,landkönnuðir Portúgala og Spánverja,silkkileiðin og Marco Póló,nemendur vinna texta út frá fyrirlestrum kennara og lesningu á ítarefni,nemendur myndskreyta texta,nemendur gera efnisyfirlit í aðalkennslubók. |
|---|--|

Náttúrufræði

| | |
|--|---|
| Líffræði Líffræði mannsins Tímabil 22.08-13.09. | Plöntufræði <ul style="list-style-type: none">rætur, stönglar, einkíms- og tvíkímsblöð, blóm, fræ og ávextir,ljóstillifun og mikilvægi plantna í ummyndun koltvíoxíð í súrefni. Heilsufræði / líffræði mannsins <ul style="list-style-type: none">næring, hollusta, hreyfing og svefnvenjur,líkaminn og breyting unglingsárana. |
|--|---|

| | |
|---|--|
| Efnafræði Tímabil 22.04-09.05 | Bruni og efnahvörf <ul style="list-style-type: none">nemendur taka þátt í efnafræðitilraunum,nemendur skrá niður athuganir, skilgreina ferli og draga ályktanir. |
|---|--|

| | |
|--|--|
| Eðlisfræði Tímabil 17.03-04.04 | Hljóð- og ljósheimurinn <ul style="list-style-type: none">nemendur rannsaka hljóð og ljós í gegnum tilraunir,nemendur skrá athuganir og vinna listrænt með hljóðfræði, strengir trommur og annað sem gefur frá sér hljóð,nemendur skrá athuganir og vinna listrænt með áhrif ljóssins á sjónina,hvað gefur ljósi liti og hvaða áhrif ljósgjafi hefur á skuggamyndanir. |
|--|--|

| | |
|---|---|
| Landfræði Tímabil 06.01-31.01 | <ul style="list-style-type: none">lifnaðarhættir þjóða og dýralíf ýmissa landsvæða,búskapur, iðnaður, húsnæði, siðir og venjur verða einnig skoðaðar á ákveðnum svæðum. Fjallað um heimsviðskipti út frá því hvar mismunandi nauðsynjar vaxa og verslunarleiðir á sjó og landi.Nemendur vinna texta og mynd í aðalkennslubók. |
|---|---|

| | |
|--------------------------------------|--|
| Veðurfræði og Stjörnufræði | <p>Nemendur vinna í aðalkennslubækur texta og skýringarmyndir.</p> <ul style="list-style-type: none"> áhrif veðurs á jörðina og mismunandi lífbelti, áhrif vatns og vinda á myndun veðurs, áhrif vatns á hitastig, sbr. hafsfletir og innlandsvötn, reikistjörnurnar, ýmis fyrirbæri í geimnum, svarthol, mismunandi gerðir stjarna, <p>Nemendur vinna texta og ljóð, teikna með kolum og mála með vatnslitum.</p> |
| Tímabil 06.01-31.01 | |

Umhverfismennt

| | |
|--------------------------------------|---|
| Garðyrkja/ Heimilisfræði | <p>Garðyrkja og heimilisfræði tengjast bæði í lotum en einnig yfir skólaárið. Nemendur sjá um eigin skólagarð og allt sem viðkemur viðhaldi og ræktun á honum. Einnig taka nemendur þátt í undirbúningi hátíða og matmálstíma með tilliti til matseldar og hráefnis.</p> <ul style="list-style-type: none"> nemendur vinna í matjurtagörðum skólans við uppskeru, almenna garðumsjón og umhirðu, nemendur nota hráefni úr garðinum til súrsunar og sulturnar, nemendur þurrka jurtir og útbúa te og smyrsl, saftgerð, nemendur ganga frá matjurtargarðinum og undirbúa fyrir veturinn. <p>Nemendur vinna að plöntun og setja niður útsæði.</p> <p>Matjurtagarður undirbúin undir sumarið og vaxtatíma jurtanna. Bera áburð á jarðveg og fræðast um skiptirækt, permakúltur og lífelfda ræktun (e. biodynamic farming).</p> |
| Tímabil 03.02-07.03 | |
| Tímabil 19.05-06.06 | |

Íþróttir og hreyfing

Íþróttir eru kenndar einu sinni í viku á haustönn og sund einu sinni í viku á vorönn.

| | |
|--|---|
| Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið | <p>Íþróttir eru kenndar á fjölbreyttan hátt yfir allt skólaárið.</p> <ul style="list-style-type: none"> skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða stunduð á skólaárinu sem og sirkus hefð er fyrir nokkrum fjallgöngum yfir skólaárið sundkennsla fer fram í Kópavogslaug íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu <p>Nemendur æfa sirkuslistir svo sem jafnvægislistir og gegl undir handleiðslu sirkuskennara.</p> |
| Bothmerleikfimi | <p>Bothmerleikfimi byggir á grískum/ólympískum íþróttum og tengir hún beint inn í mismunandi líkamsþroska hvers aldurstímabils. Á þessum árum gengur líkaminn í gegnum miklar breytingar og beinagrindin hefur styrkst; hér vaknar "hreyfivitundin" til muna. Líkamstilfinningin og þyngdartilfinningin verða ríkjandi og endurspeglast í líkamsbeitingu og daglegum athöfnum. Með styrktaræfingum af ýmsu tagi fá nemendur tækifæri til að upplifa sjálf sig til hins ýtrasta. Bothmer æfingarnar eru "viðhorfstyrkjandi" (bæði andlega og líkamlega).</p> <ul style="list-style-type: none"> stafa æfingar eru þróaðar áfram, æfingin "Rhythm" gefur tilfinningu fyrir mikilvægi öndunar og blóðrásar fyrir hreyfinguna, rýmisæfingar eru líka gerðar, með og án stafs. <p>Lykilorð: KRAFTUR - LIPURÐ - FEGURÐ</p> |
| Tímabil 22.08-13.09 | |

Lífsleikni

| | |
|---|---|
| Tímabil Allt skólaárið | <p>Uppbygging samfélagsins, neysluvenjur, jafnréttismál og mannréttindi almennt eru til umfjöllunar auk þeirra mála sem eru til umfjöllunar í fjölmiðlum hverju sinni í reglulegri umræðu í morguntíma.</p> |
| Vikulegir bekkjarfundir allt skólaárið. | <p>Haldnir eru bekkjarfundir þar sem vettvangur er skapaður fyrir einlægar umræður um málefni sem er unglíngum hugleikin. Aukinn þroski kallar á aukna ábyrgð í hegðun og samskiptum. Einnig opnast fleiri möguleikar og mikilvægt er að gera sér grein fyrir afleiðingum mismunandi ákvarðana. Aukin réttindi í samfélaginu leiða af sér auknar skyldur.</p> |
| Furudalsvika 23.09-27.09 | Lífsleiknivika |

| | |
|---|--|
| Val Heimilisfræði hjá 7.-8.bekk Tímabil 14.04-21.04 | Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Nemendur kynnist útiöldun og öryggisreglum sem fylgja því að elda mat út í náttúrunni. Nemendur kynnist mismunandi aðferðum við bakstur. Nemendur læri að velja sér og búa til hollan skyndibita. |
|---|--|

| | |
|---|---|
| Heimilisfræði 7. bekk Tímabil 06.01- 31.01 | <ul style="list-style-type: none"> • nemendur þjálfist í að vera ábyrgir neytendur, • efling sjálfstæðis nemenda við matargerð, • nemendur þrói með sér meðvitund um mikilvægi holls mataræðis, umhverfisverndar og virðingu fyrir menningu. |
| Heimilisfræði 8. bekk Tímabil 03.02-07.03 | <ul style="list-style-type: none"> • nemendur styrkist í að vera ábyrgir og meðvitaðir neytendur, • nemendur auki við þekkingu sína á hollu mataræði, • skapa jákvæða teningu við mat og matargerð. |

*Bekkjarnámskráin er birt með fyrirvara um breytingar.

Heimildaskrá:

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af:

<https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af:

<http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>